

# STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1996

Nr. 563

1462

31. október 1996

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á jólatrjám.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn kg</i>	<i>Verðtollur %</i>	<i>Magntollur kr/stk.</i>
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.11.-31.12.96	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.11.-31.12.96	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.11.-31.12.96	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.11.-31.12.96	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70 gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75 gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 31. október 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Jón Höskuldsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Á eftir 2. gr. c. bætist við ný grein, 2. gr. d, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/96 frá 19. júlí 1996 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn (um samkeppni), bókun I (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1475/95 frá 28. júní 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja.

## 2. gr.

Jafnframt fellur úr gildi d-liður 2. gr. þess efnis að reglugerð nr. 123/85/EBE, með síðari breytingum, hafi gildi hér á landi, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 1475/95/EB.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

*Viðskiptaráðuneytinu, 23. október 1996.*

**Finnur Ingólfsson.**

---

*Halldór J. Kristjánsson.*